



E 21/2017

Fyrirspyrjandi Mikko Kärnä (cent)
Til Ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um deiluna í Katalóníu

Þann fyrsta október var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu í Katalóníu um sjálfstæði héraðsins. Almennt er litið svo á að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi verið ólögleg og að hún hafi brotið í bága við spænsku stjórnarskrána. Því miður greip spænska ríkið til ofbeldisfullra aðgerða til að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna, sem urðu til þess að næstum 900 manns hlutu áverka og þurftu aðhlyningu á sjúkrahúsi. Hin gerræðislegu viðbrögð Spánar voru fordæmd vítt og breitt um heiminn. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins var þó furðu orðvör í afstöðu sinni og sagði að ástandið í Katalóníu væri innanríkismál spænska ríkisins.

Meirihluti þeirra sem tóku þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni greiddu atkvæði með sjálfstæði. Katalónía hefur ekki lýst einhliða yfir sjálfstæði, en hefur gert kerfisbundnar tilraunir til að koma á samningaviðræðum við Spán og óskað eftir milligöngu alþjóðasamfélagsins í deilunni. Þetta hafa spænsk stjórnvöld þó ekki viljað gangast inn á. Þvert á móti hafa þau gefið í skyn að þau telji hugsanlegt að virkja 155. grein spænsku stjórnarskrárinnar, sem myndi opna á þann möguleika að Katalónía heyrði beint undir miðlæga stjórnarsýslu Spánar.

Evrópusambandið þarf að sjálfsögðu að virða stjórnarskrár aðildarríkja sinna. Um leið er ljóst að sambandið á að beita sér fyrir því að tryggja öryggi allra borgara í aðildarlöndunum og standa vörð um lýðræðið og nálægðarregluna. Spánn leitar nú lagalegrar lausnar á hinni pólitísku deilu í Katalóníu. Sú leið hefur sýnt sig að vera annmörkum háð.

Síðastliðinn mánudag hélt forseti heimastjórnar Katalóníu, Carles Puigdemont, ræðu þar sem hann sagði Katalóníu hafa unnið fyrir sjálfstæði sínu. Um leið ítrekaði hann þá ósk héraðsins að semja og ná sáttum við Spán. Ræðan var almennt túlkuð sem skilyrt yfirlýsing um sjálfstæði. Spánverjar brugðust við með því að krefjast þess að Katalónía sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fram kæmi hvort héraðið hefði lýst yfir sjálfstæði eða ekki. Sem stendur er ástandið stöðugt, en hættan á stigmögnun er fyrir hendi.



Hvað sem fólki kann að finnast um sjálfstæðisbaráttu Katalóníu er greinilegt að pólitísk valdniðsla á enga samleið með evrópskum eða norrænum gildum. Slíkar aðgerðir á að fordæma. Einnig er ljóst að norrænu löndin eiga að stuðla að lýðræði og mannréttindum í verki auk þess að leita lausna á grundvelli samningaviðræðna í flóknum málum, innan Norðurlanda sem utan.

Reglur Norðurlandaráðs byggja á Helsingforssamningnum. 36. grein samningsins hljóðar svo: „Ráðstafanir í því skyni að breiða út þekkingu á Norðurlöndum og norrænu samstarfi skulu gerðar í náinni samvinnu milli samningsaðila og stofnana þeirra sem annast landkynningu erlendis. Þegar hentugt þykir geta aðilar komið fram sameiginlega.“

Á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma að ofan, auk ívitnaðrar 57. greinar í Helsingforssamningnum, vil ég virðingarfyllst beina eftirfarandi spurningum til norrænu ríkisstjórnanna:

- Hvernig geta Norðurlöndin beitt sér sameiginlega fyrir því að samkomulag náist í deilunni milli Spánar og Katalóníu?
- Gætu Norðurlöndin sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem Spánn og Katalónía væru beðin að efna til samningaviðræðna um úrlausn í sjálfstæðismálinu? Í yfirlýsingunni mætti einnig slá því föstu að löndin samþykki ekki valdbeitingu í Katalóníu.

Helsinki, 30. október 2017

Mikko Kärnä (cent)